



# Framkvæmda- fréttir

3. tbl. / 14



Hreinn Haraldsson vegamálastjóri tekur í notkun lokunarslá fyrir Hellsisheiði við Litlu kaffistofuna 11. febrúar. Honum til aðstoðar er Hörður Már Harðarson formaður stjórnar Landsbjargar.

## Vegum lokað með slá - 112 dagarinn

Áður birt á vegagerdin.is 11.02.2014

Í tilefni 112-dagsins, þriðjudaginn 11. febrúar, tók Hreinn Haraldsson vegamálastjóri formlega í notkun lokunarslá fyrir Hellsisheiði. Hingað til hefur vegum verið lokað með einfaldri tilkynningu, á færðakorti Vegagerðarinnar eða með bifreiðum. Sláin fer yfir akreinina og lokar henni þannig að ekki er hægt að komast leiðar sinnar en bílar sem eru enn á heiðinni komast niður og þá um hina akreinina sem verður opin.

Hörður Már Harðarson formaður stjórnar Landsbjargar aðstoðaði Hrein við að taka slána í notkun. Hreinn sagði við þetta tækifæri að með auknum fjölda ferðamanna, erlendra og innlendra, væri nauðsynlegt að taka upp breytt vinnubrögð, öryggisins vegna. Reynslan hefði líka sýnt að björgunarsveitir þyrftu í auknum mæli að leggja á heiðarnar til að bjarga fólki í vondu veðri og væri ætlunin með slánum og lokuninni á vegum að fækka þeim tilvikum og auka þannig öryggi vegfarenda. Hreinn sagðist vonast til þess að vegfarendur tækju þessu vel.

Þá er búið að uppfæra tölvubúnað í ljósaskiltum Vegagerðarinnar þannig að nú er mögulegt að birta texta hvortveggja á íslensku og ensku (svo dæmi sé tekið) og getur skipst á textinn „Lokað“ og „Closed“ komi til þess að loka þurfi vegi. Einnig hafa verið sett blikkljós á skiltin sem vekja athygli ef til lokunar hefur komið.

Þegar hefur lokunarslá verið sett upp á Dettifossvegi, en í fyrsta áfanga uppsetningar lokunarsláa verða settar upp, auk Hellsisheiðarinnar, slár í Þrengslum, á Mosfellsheiði, Holtavörðuheiði, Bröttubrekku, Fróðárheiði, Þröskuldum, Steingrímsfjarðarheiði, Hrafseyrarheiði, Dynjandisheiði, Þverárfjallsvegi, Vatnsskarði, Siglufjarðarvegi, Lágheiði, Öxnadalshéiði, Víkurskarði, Mývatnsöræfum, Fjarðarheiði, Breiðadalshéiði, Fagradal, Öxi og Skeiðarársandi. Fleiri munu síðan bætast við í kjölfarið.

Lokun vegar með slá fer eftir fyrirfram ákveðnu verklagi sem tekur mið af aðstæðum á hverjum stað fyrir sig. Lokun ▶

### Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 3. tbl. 22. árg. nr. 621 17. feb. 2014

Ritsjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verkötum. Fyrirhuguð útböð eru kynnt, útböðsauglysingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafolk. Áskrift er endurgjaldslaus.



► miðast til dæmis við ófærð þar sem snjómoksturstæki hefur ekki undan veðrinu, skyggni er óviðunandi eða veðurhæð þannig að um hættuástand er að ræða, eða vegna slyss. Vegagerðin og björgunarsveitir vinna saman að lokun. Það er von Vegagerðarinnar og björgunaraðila að vegfarendur

taki þessari nýbreytni vel og geri sér grein fyrir að þetta er gert til að auka og tryggja öryggi vegfarenda. Þetta flýtir einnig fyrir því að vegir opni á ný því nú á Vegagerðin stundum í erfiðleikum með að opna vegi vegna bíla sem sitja fastir, mannláusir á heiðum. ■



Hreinn Haraldsson vegamálastjóri (t.h.) og Hörður Már Harðarson formaður stjórnar Landsbjargar (t.v.) við ljósaskilti Vegagerðarinnar sem nú getur bæði birt texta á íslensku og ensku. Við lokun blikka líka ljós ofaná skiltinu.



Í síðasta blaði birtist útboðsauglýsing frá Hafnasamlagi Norðurlands vegna endurbyggingar Togarabryggju á Akureyri.

Um er að ræða þekju og lagnir á nýja fyllingu. Helstu verkþættir og magntölur eru:

1. Bygging veituhúss
2. Grafa fyrir, leggja og tengja vatnslagnir með tilheyrandi brunnnum.
3. Grafa fyrir, leggja og tengja ídráttarrör fyrir rafmagn og smíða rafmagnsbrunn.
4. Undirbyggja fyrir þekju og malbik, fylla í og jafna yfirborð.
5. Steypa þekju um 2.100 m<sup>2</sup>.
6. Malbika um 2.000 m<sup>2</sup>.

Verkinu skal lokið eigi síðar en 11. júlí 2014.



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 10. febrúar 2014. Búið er að sprengja 1.776 m frá Eyjafirði sem er 24,8% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.170 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: [www.vadlaheidi.is](http://www.vadlaheidi.is)




Norðfjarðargöng, staða framkvæmda 10. febrúar 2014. Búið er að sprengja 556 m frá Eskifirði sem er 7,3% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.542 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: [www.austurfretti.is](http://www.austurfretti.is)



# Bundið slitlag í árslok 2013





## Æft að taka niður víravegríð

Aður birt á vegagerdin.is 07.02.2014

Vegagerðin hélt þann 6. febrúar æfingu með björgunaraðilum í því að taka niður víravegríð, víra og stödir, til að auðvelda aðilum að athafna sig vegna slysa eða óveðurs. Æfingin tókst vel í sjálfu sér en niðurstaðan eigi að síður að stöðirnar sem halda vörnum uppi þyrfti að vera auðveldara að losa.

Fjallað var um það í fréttum fyrr á þessu ári að björgunarsveitarmenn ættu erfitt með að athafna sig á Hellisheiði þar sem víravegríð skilur að akstursstefnur á 2+1 kaflanum. Einn kostur víravegríða er að þau á að vera auðvelt að taka niður. Vegna þessa bauð Vegagerðin aðilum að æfa það að taka niður víravegríð og kanna með því aðstæður.

Æfingin var fimmtudagskvöldið 6. febrúar og var fjöldi björgunarsveitarmanna, slökkviliðsmanna, sjúkraflytingamanna og lögreglu mættir á heiðina. Auðvelt er fyrir tvo menn að taka niður sjálfan vörinn og einn maður ræður einnig við það ef þarf. Hinsvegar kom í ljós að stöðirnar eru fastari en vonast var til. Í ljós kom að frostið m.a. heldur nokkuð fast í stöðirnar. Vegagerðin hafði fyrir nokkru brugðið á það ráð að sprauta frauðplasti niður með stöðunum til að koma í veg fyrir að þangað bærast sandur, mold og vatn þar sem allt frys saman í íslensku umhleyplingaveðri. En frauðið dugir ekki til að stöðirnar séu alveg lausar undan þessu vandamáli.

Því þarf að huga að nýjum aðferðum eða breyttri tækni auk þess að menn þekki hvernig best er að ná stöðunum upp.

Það getur reynst nauðsynlegt fyrir björgunarfólk að komast á milli akreina, til dæmis, í vondu veðri ef bíll er fastur og röð hefur myndast fyrir aftan hann. Þá komast björgunarsveitarmenn ekki öðruvísi að til að losa bílinn. Þegar svona röð myndast í snjó dugir ekki vegöxlin til að komast framhjá. Sama á við ef slys ber að höndum og tækjabíll slökkviliðs þarf til dæmis að komast á vettvang. Þá skiptir tíminn líka miklu máli.

Áfram verður unnið að því að finna lausn á þessu máli. ■



## Auglýsingar útboða

### Yfirlagnir á Norðursvæði 2014, klæðing 14-007

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Norðursvæði á árinu 2014.

Helstu magnþölur eru:

Yfirlagnir með einföldu lagi klæðingar	471.078 m <sup>2</sup>
Hjólfaralagnir og axlir	8.000 m <sup>2</sup>
Flutningur steinefna	6.740 m <sup>3</sup>
Flutningur bindiefna	910 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. september 2014.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 17. febrúar 2014. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 11. mars 2014 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Yfirlagnir á Vestursvæði 2014, klæðing 14-010

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Vestursvæði á árinu 2014.

Helstu magnþölur eru:

Yfirlagnir	400.000 m <sup>2</sup>
Flutningur steinefna	5.500 m <sup>3</sup>
Flutningur bindiefna	662 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. september 2014.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 17. febrúar 2014. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 11. mars 2014 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2014, blettanir með klæðingu 14-011

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Vestursvæði og Norðursvæði á árinu 2014.

Helstu magnþölur eru:

Blettun (k1) útlögn á Vestursvæði	150.000 m <sup>2</sup>
Blettun (k1) útlögn á Norðursvæði	118.700 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2014.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 17. febrúar 2014. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 11. mars 2014 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Brú á Eyvindará á Seyðisfjarðarvegi (93) við Egilsstaði, byggð 1919. Áður var trésperrubrú á ánni, líklega byggð 1879. Myndin er tekin árið 1947. Væntanlega hefur brúin verið full mjó fyrir herflutninga stríðsáranna og handriðið því lagt niður heldur ósnyrtilega.



Brúin á Eyvindará var breikkuð 1955 og timburgólf sett á hana 1958. Þannig var hún í notkun til ársins 2001 en þá var ný brú byggð á Eyvindará aðeins neðar í ánni. Gamla brúin þjónar nú skemmtilegri gönguleið.



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
14-030 Gras- og kantsláttur á Suðursvæði 2014-2015	2014
14-029 Reykholtisdalsvegur (519) og Hvítársíðuvegur (523), Stóri Ás - Gilsbakki	2014
14-003 Hringvegur(1) um Jökulsá á Fjöllum, brú og vegur	2014
14-019 Krýsuvíkurvegur (42) 2014	2014
14-015 Efnisvinnsla á Norðursvæði 2014	2014
14-027 Upphéraðsvegur (931), Bolalækur - Brekkugerði	2014
14-017 Hvammavegur (853), Staðarbraut - Kísilvegur, bundið slitlag	2014
14-016 Svínvetningabraut (731), Blönduós - Kaldakinn, bundið slitlag	2014
14-013 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2014, malbik	2014
14-026 Vetrarþjónusta 2014-2019, Reykjanesbraut - Suðurnes	2014
14-020 Vetrarþjónusta 2014-2019, Vestur-Skaftafellssýsla, vestur hluti	2014
14-021 Vetrarþjónusta 2014-2019, Vestur-Skaftafellssýsla, austur hluti	2014
14-022 Vetrarþjónusta 2014-2019, Rangárvallasýsla og Flói	2014
14-023 Vetrarþjónusta 2014-2019, uppsveitir Árnessýslu	2014
14-024 Vetrarþjónusta 2014-2019, Selfoss - Reykjavík	2014
14-025 Vetrarþjónusta 2014-2019, Höfuðborgarsvæðið	2014
14-012 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2014, malbik	2014
14-014 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2014, repave/fræsing og malbik	2014
14-028 Vestfjarðavegur (60), um Reykjadalssá	2014

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
14-009 Yfirlagnir á Suðursvæði 2014, klæðing	2014
14-004 Endurbætur á Biskupstungnabraut (35), 2014	2014
14-006 Endurbætur á Hringvegi (1) í Reykjadal	2014
14-008 Yfirlagnir á Austursvæði 2014, klæðing	2014
14-005 Hringvegur (1), Hvalnesskriður, hrunvarnir	2014
13-074 Landeyjahöfn - lenging flóðvarnargarðs og aðkomuvegur	2014
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2014
13-007 Svínadalsvegur (502), Leirársveitarvegur - Eyri	2014
14-018 Dettifossvegur (862), Tóveggur - Norðausturvegur <a href="#">Ath. breytt heiti á útboði</a>	2014
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
14-007 Yfirlagnir á Norðursvæði 2014, klæðing	17.02.14 11.03.14
14-011 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2014, blettanir með klæðingu	17.02.14 11.03.14
14-010 Yfirlagnir á Vestursvæði 2014, klæðing	17.02.14 11.03.14
14-030 Borgarfjarðarhreppur, styrking brimvarnar við Hafnarhólma 2014-2015	10.02.14 25.02.14
13-073 Stykkishólmur - Lenging ferjubryggju	01.02.14 18.02.14
14-032 Akureyri - endurbygging Tograbryggju, þekja og lagnir	10.02.14 25.02.14
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
13-075 Meðallandsvegur (204) um Fljótakróka	16.12.13 14.01.14
13-061 Endurbygging Fljótsdalsvegur (933), Hrafnkelsstaðir - Upphéraðsvegur	22.07.13 13.08.13
Samningum lokið	Opnað: Samið:

Engir samningar hafa verið undirritaðir frá því síðasta tölublað kom út



Stöplar nýrrar brúar yfir Múlakvísl bíða þess að hafist verði handa við gerð yfirbyggingar. Að verki loknu verður fyllingarefnið fjarlægt undan brúnni. Hjörleifshöfði í baksýn. Mynd: Guðrún Þóra Gardarsdóttir 05.02.2014.